

## Málbreytingar í mynd

*Dórhallur Eyþórsson prófessor<sup>1</sup> (umsækjandi) og Heimir Freyr Viðarsson aðjunkt<sup>2</sup>*

<sup>1</sup> Hugvísindasvið, Háskóli Íslands

<sup>2</sup> Menntavísindasvið, Háskóli Íslands

### Inngangur

Stuðningur fékkst úr Kennslumálasjóði (úthlutun 2021) til þess að undirbúa kennsluefni sem nýst gæti sem stuðningsefni í námskeiðum í málvísindum og öðrum tengdum sviðum. Markmið verkefnisins var að þróa efni sem hægt væri að hafa til hliðsjónar þegar fjallað er um tilbrigði og málbreytingar, til dæmis í umfjöllun um íslenska málsögu. Hugmyndin var að efnið væri þannig úr garði gert að hægt væri að setja það fram á lifandi og myndrænan hátt, til þess að gera fræðilegar kenningar um málbreytingar og rannsóknir á þeim áþreifanlegri fyrir nemendur. Námsefni í málfræði hefur til þessa ekki nýtt möguleika tækninnar í þessum tilgangi. Auk þess tekur það námsefni sem nú er í boði ekki nægilegt mið af niðurstöðum málrannsókna undanfarinna ára og áratuga.

Stuðningsefni af þessum toga er hægt að nota í ýmsum námskeiðum þar sem málfræði og málsaga er til umfjöllunar þvert á svið. Dæmi um námskeið þar sem komið er inn á þessa þætti eru *Breytingar og tilbrigði* (ÍSL320G), *Inngangur að sögulegum málvísindum* (ENS347G), *Þróun tungumála: breytingar, tilviljun og val* (ENS465G) og *Söguleg setningafræði ensku* (ENS445F), sem kennd eru við Hugvísindasvið, og námskeiðin *Málið og máltakan* (ÍET009G) og *Mál í sögu og samtíð* (ÍET212F) á Menntavísindasviði.

Þróun efnisins var unnin með það fyrir augum að það mætti nýta til stuðnings við fræðilega umfjöllun um eðli máltileinkunar, uppkomu málbreytinga og útbreiðslu þeirra líkt og fjallað er um meðal annars í þessum námskeiðum. Hugmyndin var að vinnan nýttist ekki aðeins til stuðnings í grunnnámskeiðum heldur einnig í framhaldsnámi og yrði hvati til þess að vekja áhuga nemenda á innri jafnt sem ytri aðstæðum málþróunar. Afrakstur verkefnisins var prófaður í tveimur síðasttöldu námskeiðunum hér á undan, ÍET009G og ÍET212F, auk námskeiðshluta fyrir erlenda stúdenta (sjá nánar hér fyrir neðan).

Í verkefninu var lögð áhersla á að vinna með niðurstöður rannsókna sem hafa breiðan vinkil, þ.e. að hugað hafi verið að bæði innri og ytri þáttum (t.d. uppkomu og útbreiðslu málbreytingar). Að vel athuguðu máli kom á daginn að fáar sögulegar málrannsóknir hér á landi uppfylla þessi skilyrði með fullnægjandi hætti. Við undirbúning var því nauðsynlegt að vinna úr niðurstöðum ólíkra eigindlegra og megindlegra rannsókna sem fjölluðu e.t.v. aðeins um annan þessara þátta. Þessi takmörkun hafði áhrif á möguleika þess að nýta t.d. tölfræðilegar upplýsingar til myndrænnar framsetningar að því marki sem lagt var upp með. Hins vegar gagnast vinna við verkefnið einnig til þess að draga upp endurskoðaða mynd af

ýmsum þáttum málsögunnar sem og heimildum sem hægt verður að nýta við endurskoðun og þróun námsefnis.

## Verkefnið

Yfirlit yfir helstu verkþætti og tímaáætlun verkefnisins fylgir hér fyrir neðan.

- Teymið fundar um tilhögun verkefnisins (maí 2021)
- Lestur og greining á fyrri skrifum (maí – júní 2021)
- Söfnun og skráning lykilheimilda og -gagna (júní – júlí 2021)
- Tæknilegar útfærslur á myndrænni framsetningu prófaðar (júlí 2021)
- Tilraunir með útfærslu á vörpun tölfræðilegra gagna inn á landakort með tímaás (júlí – ágúst 2021)
- Unnið að handritsgerð/-punktum fyrir umfjöllun um málsögu og valdar sögulegar breytingar (september – desember 2021)
- Kynning á verkefnisþáttum á alþjóðlegum ráðstefnum um söguleg málvísindi (október – nóvember 2021)
- Námsefni og hlutar efnis prófaðir í kennslu í námskeiði fyrir erlenda nema (nóvember 2021 + október 2022)
- Kynning á verkefnisþáttum á innlendri málstofu um rannsóknir í íslenski setningafræði (desember 2021)
- Greining og samantekt á fræðilegum atriðum sem snúa að ytri málaðstæðum (desember 2021 – janúar 2022)
- Námsefni og hlutar efnis prófaðir í kennslu í námskeiðum fyrir innlenda nema (janúar 2022 + september – október 2022)
- Undirbúningur uppfærðs tímaáss fyrir íslenskar málbreytingar (febrúar – mars 2022 + september – október 2022)

Eins og fram kemur í yfirlitinu hér fyrir ofan voru verkefnisþættir kynntir á tveimur erlendum ráðstefnum og á innlendu málþingi. Þetta voru *North American Research Network in Historical Sociolinguistics* og *Historical Urban Vernacular and Supralocalisation Processes*, og *Undralönd setningafræðinnar*. Þar var um að ræða erindi um þrjár afmarkaðar málbreytur annars vegar og samspil málbreytinga og breytinga á samfélagsgerð í kjölfar þéttingar byggðar á síðari öldum hins vegar. Mest hefur efnið verið nýtt í kennslu en áform eru um að ganga frá greinum og aðgengilegri pistlum um efnið þar að auki. Grein í fræðilegu riti á erlendum vettvangi er í vinnslu um eina þessara málbreytna og áhrif þéttbýlisþróunar.


Afrakstur verkefnisins hefur gagnast í kennslu um íslenska málsögu og verið hagnýttur í að draga upp gagnrýnni mynd af málsögunni en lesa má um í hefðbundnum yfirlitsritum. Flest

yfirlitsrit byggja á mjög gömlum grunni og endurspegla ekki nema að litlu leyti þær breytingar sem orðið hafa í sögu íslensku og íslensks málsamfélags. Vinna að verkefninu hefur að töluverðu leyti verið fólgin í að draga upp endurskoðaða mynd af þessari sögu í gegnum nýlegar rannsóknarniðurstöður málfræðinga, sem og umfjöllun sagnfræðinga um þau tímabil sem eru undir. Þar hefur ekki síst afhjúpast hin djúpstæða sérstöðuhyggja (e. *exceptionalism*) sem hefðbundin greining á íslenskri málsögu einkennist af. Hér var mikinn stuðning að hafa í nýlegum rannsóknum sagnfræðinga á árnýöld á Íslandi en sumt í hefðbundinni söguskoðun má að breyttu breytanda einnig heimfæra yfir á íslenska málsögu.


Myndefni, hreyfanleg eða gagnvirk gröf, hröðunarmyndir (e. *time-lapse*) og lifandi teikning gagnapunkta inn á kort hefur verið nýtt til þess að setja stuðningsefni fram á nýstárlegri hátt og þannig fléttað inn í myndbönd og upptökur í kennslu. Eins var málbreytingum skipað á tímaás en hliðstæð nálgun hafði áður verið reynd í margmiðlunarefni sem nefnist *Alfræði íslenskrar tungu* og kom út um síðustu aldamót. Sá hængur var á þeirri útgáfu að tímaásinn sýndi aðeins brotabrot af þeim breytingum sem orðið hafa í íslensku og voru þekktar á þeim tíma, en þar að auki hafa rannsóknir undanfarinna rúmlega tveggja áratuga einnig dregið margt í ljós sem kallar á endurskoðun á því efni sérstaklega að því er varðar setningafræðilegar breytingar. Ýmsir málfræðingar hafa vikið að því í framhjálaupi að setningafræðin hafi lengi verið vanrækt rannsóknarsvið, ekki síst í sögulegu ljósi, a.m.k. í samanburði við þá athygli sem hljóð(kerfis)-, beyginga- og orðfræði íslensku hefur fengið.

Ýmis töl voru notuð við undirbúning og þróun stuðningsefnisins og verða nokkur af þeim talin upp hér. Til þess að teikna á skjá og taka upp hreyfingar voru notuð opin og frjáls forrit þar sem því var komið við en annars hugbúnaður sem Háskóli Íslands veitir aðgang að.


- Kdenlive var notað til þess að teikna gögn og hreyfingar á skjá (Mynd 1).
- Skjáúttak var fangað á mynd í OBS Studio.
- Excel 3D Map, lokaður hugbúnaður sem er hluti af Office-pakkanum, var notaður til þess að varpa gagnapunktum með hnitum inn á landakort, þar sem jafnframt var hægt að vinna gagnvirk með gröf og sjá gögnin birtast á korti á ákveðnum hraða yfir ákveðið tímabil (Mynd 2).
- Excel og tölfraeðiforritið R var notað til þess að sýna tölfraeðileg gögn myndrænt, með lýsandi tölfraeði og/eða tölfraeðilegri greiningu (Mynd 3).
- Töl til þess að smíða tímalínur, einkum TimelineJS3 frá Knight Lab (Mynd 4).




**Mynd 1.** Kdenlive: Málsýni teiknuð á landakort eftir tímaröð með hljóð- og myndbrellum.




**Mynd 2.** Excel 3D Map: Tölfræðileg gögn birtast smám saman á landakorti eftir hnitum.



**Mynd 3.** Útbreiðsla málbreytingar og myndræn framsetning tölfræðilíkans (R; lme4; sjPlot). Tímabil: 1525-1733 (Helgi Guðmundsson, 1972).



**Mynd 4.** Atburðir í málsögunni birtast á gagnvirkri tímalínu (TimelineJS3 – gagnagrunnur í vinnslu, ekki sýnt á mynd). Tengingar punkta við kort þar sem það á við.



## Nýting

Afrakstur verkefnisins var prófaður á mismunandi stigum í námskeiðunum *Málið og máltakan* (ÍET009G), *Mál og miðlun* (ÍET004G) og *Mál í sögu og samtíð* (ÍET212F) sem kennd eru á grunn- og framhaldsstigi á Menntavísindasviði. Einnig var efnið prófað í tvígang, með mismunandi hópum, í grunnnámskeiðinu *Icelandic Nature and Cultural Legacy* (MEX020G) en þetta námskeið er ætlað erlendum stúdentum. Efnið kom þar inn í sérstakan námskeiðshluta sem sneri að sögu Íslands, máli og menningu. Í hinum námskeiðunum var efnið fléttað inn í umfjöllun um annars vegar eðli máltökunnar, uppkomu og útbreiðslu málbreytinga (grunnnámskeiðin), og hins vegar um valin tímabil í sögu íslensks málsamfélags (framhaldsnámskeiðið).

Nemendur í þessum námskeiðum voru almennt áhugasamir um að kynnast annars vegar hinni hefðbundnu sýn á málsöguna í gegnum fræðilegt lesefni sem lagt var fyrir og síðan hins vegar að fá samantekt á völdum rannsóknum og um leið ákveðna gagnrýni á hefðbundna söguskoðun byggða á því. Í gegnum verkefnavinnu fengu nemendur í *Mál og miðlun* (ÍET004G) að spreyta sig á að búa til sínar eigin tímalínur með því að raða völdum málbreytingum úr námsefninu á tímaás (TimelineJS3 og Tiki-Toki). Í námskeiðinu *Mál í sögu og samtíð* (ÍET212F) voru einnig hefðbundin ritunar- og ritgerðarverkefni um valda þætti úr málsögunni sem nemendur unnu meðal annars með hliðsjón af bakgrunni og fræðilegri undirstöðu þessa verkefnis. Ætlunin var að vekja nemendur til umhugsunar og vonandi að kveikja áhuga hjá upprennandi fræðimönnum og verðandi kennurum á þessum viðfangsefnum.

## Lokaorð

Í verkefninu *Málbreytingar í mynd* var lagður grunnur að því að þróa námsefni og miðlun þess til stuðnings við kennslu á sviði sögulegrar og samtímalegrar málfræði. Markmið verkefnisins var að búa til efnihluta sem gætu nýst við kennslu um tilbrigði og málbreytingar á nýstárlegan hátt, einkum með því að túlka og sýna niðurstöður rannsókna á myndrænan,

gagnvirkan og aðgengilegan hátt. Prófaðar voru margvíslegar aðferðir við að skoða feril valinna málbreytinga og lagður grunnur að miðlun þeirra til fjölbreytts nemendahóps. Ýmis tækifæri gáfust til þess að prófa afmarkaða hluta verkefnisins í kennslu og hlutar þess einnig kynntir á innlendum og erlendum vettvangi.

Í framhaldi af verkefninu er ætlunin að ganga frá gagnvirkri tímalínu með aðgengilegum upplýsingatextum þar sem fjallað er meðal annars um breytingar sem tengjast íslensku máli og málsamfélagi. Þessir textar verða unnir upp úr sama námsefni og prófað var í kennslu. Við textana verður fléttað myndefni sem var þróað í tengslum við verkefnið með almenna miðlun á vefnum í huga.